



Fjölbrotaskóli Suðurlands

Hjúkrunarfræði

HJÚK1AG05

Kennsluáætlun – Haust 2019

Kennari: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍP

Hjúkrun almenn

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um sögu og hugmyndafræði hjúkrunar. Kynnt eru lög og reglugerðir sem lúta að heilbrigðisþjónustu á Íslandi, siðareglur sjúkraliða og hvað felst í hugtakinu fagmennska. Fjallað er um umhyggjuhugtakið, andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga. Fjallað er um þætti sem hafa áhrif á líðan og breytingar á líkamsstarfsemi. Auk þess er fjallað um umönnum sjúklinga og þætti sem hafa áhrif á sjálfsumönnun.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu og þróun hjúkrunar og þeirri hugmyndafræði sem hjúkrunarstörf byggjast á
- helstu skipulagsformum hjúkrunar
- umhyggjuhugtakinu
- siðareglum sjúkraliða
- réttindum skjólstæðinga skv. lögum
- mikilvægi skráninga og athugana í hjúkrun
- grunnþörfum mannsins og frávikum frá þeim
- mikilvægis svefns og hvíldar
- áhrifum verkja á skjólstæðing
- fylgikvillum rúmlegunnar
- nánasta umhverfi skjólstæðings

- **Leikniviðmið**
- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- miðla sögu og hugmyndafræði hjúkrunar
- rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar í samskiptum við skjólstæðing
- geta tjáð sig um andlegar, líkamlegar- og félagslegar þarfir skjólstæðinga
- skrá niðurstöður athugana og mælinga á viðurkenndan hátt
- fylgja leiðbeiningum í þeim tilgangi að bæta líðan skjólstæðings
- útskýra mikilvægi þess að umgangast nánasta umhverfi skjólstæðings af virðingu
- fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegunnar
- taka þátt í samræðum um líðan skjólstæðings.
- sýna faglega umhyggju.
- **Hæfniviðmið**
- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- tengja sögu og hugmyndafræði hjúkrunar við hjúkrunarstörf
- geta útskýrt tengsl andlegs, líkamlegs og félagslegs ástands skjólstæðings við hjúkrunarþarfir hans
- taka á móti skjólstæðingi á faglegan hátt
- gera grein fyrir ábyrgð sjúkraliða í hjúkrun
- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við skjólstæðinga og samstarfsfólk
- sýna fagmennsku í orði og verki.

Námsefni:

Hjúkrun 1.þrep. Almenn hjúkrun. Ritröð. – efni frá kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
1.	Frá heimilum til hátæknispítala og umönnun og sjálfsumönnun.	
2.	Þarfir	
3.	Skilningarvit	
4.	Húðin	

5.	Hreyfing	
6.	Öndun	
7.	Hjarta – og æðakerfið	
8.	Vökvi og melding	
9.	Þvaglát	
10.	Svefn	
11.	Verkir	
12.	Líkamshiti	
13.	Líknarmeðferð og líknandi hjúkrun	
14.	Samstarf og skráning	
15.	Upprifjun	

Námsmat og sérreglur:

Námsmat	Lýsing	Vægi
	Vetrarvinna - Nemandi verður að skila <i>90% af</i> tímavinnu og verkefnum á fullnægjandi hátt, á umsömdum skiladegi og að nemandi fái að lágmarki einkunnina 5.0 að meðaltali úr verkefnum annarinnar, til að öðlast próftökurétt.	30%

	Einnig að mæting sé innan marka mætingareglna skólans <i>Lokapróf</i>	70%
--	---	------------

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.